

25. ágúst 2020

## Ákvörðun endurskoðendaráðs vegna kærðu A á hendur B, C, D og E

### I

Þann 28. maí 2019 barst endurskoðendaráði kærðu [A] á hendur [B], [C], [D] og [E], sem allir eru löggiltir endurskoðendur.

Í kærðunni kemur fram að kært sé vegna samskipta ofangreindra aðila við [A] og þáverandi félag hans, [F ehf.]. Kæran snúi bæði að ofangreindum aðilum og einnig þeim, einum eða fleiri, er þeir kváðust koma fram í nafni [G ehf.] gegn [A] og fyrirtæki hans, [F ehf.], frá nóvembermánuði 2015 og allt þar til dómur féll í Landsrétti í máli sömu aðila þann 2. nóvember 2018.

Í kærðu kemur fram að kært sé fyrir brot gegn siðareglum endurskoðenda og lögum nr. 79/2008, um endurskoðendur, einkum 8. gr. og 1. mgr. 30. gr. laganna. Þá kemur fram að um atvikalýsingu vísi [A] til skýrslu um samskipti aðila, sem einnig sé lögð sé fram í málinu auk fylgigagna. Í kærðunni er kæruefnið nánar tilgreint í sjö liðum.

Með tölvubréfi endurskoðendaráðs til lögmanns [A] þann 25. september 2019 óskaði endurskoðendaráð eftir því að lagfæringar yrðu gerðar á kærðunni svo ráðið gæti tekið hana til efnislegrar meðferðar þar sem erfitt væri að taka afstöðu til hennar í því formi sem hún þá var í. Í bréfi ráðsins var eftirfarandi sérstaklega tekið fram:

- Að gerð yrði nánari grein fyrir aðild málsins og lögvörðum hagsmunum af úrlausn þess.
- Að erindið yrði takmarkað við þau atriði sem heyri undir endurskoðendaráð og umfjöllun um annað sleppt.
- Að endurskoðendaráð myndi ekki taka til umfjöllunar atriði sem þegar hafi verið útkljáð með dómi Landsréttar.
- Að nákvæmari grein yrði gerð fyrir því hvaða ákvæði laga og siðareglna sem [A] teldi að hefðu verið brotin.

Endurskoðendaráði barst kærðu að nýju þann 26. nóvember 2019 og hafði eldri kærðu þá verið lagfærð að mestu leyti í samræmi við fyrrnefnt bréf endurskoðendaráðs. Með bréfi lögmanns [A], dags. 26. nóvember 2019, sem kærðunni fylgdi, var jafnframt vitnað til fyrri kærðu auk fylgigagna. Einnig kom þar fram að með hliðsjón af athugasemdum endurskoðendaráðs í framangreindu bréfi ráðsins, dags. 25. september 2019, dragi [A] til baka tvo kæruliði skv. upphaflegri kærðu, þ.e. liði nr. 6 og 7.

### II

#### Málsatvik

Samkvæmt gögnum [A] eru atvik máls þessa þau að haustið 2012 fór fram örbútboð Ríkiskaupa á endurskoðun nokkurra stofnana ríkisins. Þann 24. janúar 2013 voru gerðir samningar við [F ehf.] um endurskoðun á níu af þeim stofnunum sem tilgreind voru í örbútboði og var samningur gerður við Ríkiskaup til fimm ára, vegna árána 2013-2017.

[F ehf.] gerði samstarfssamning við [G ehf.] þann 26. nóvember 2012 þar sem samið var um að [G ehf.] veittu [F ehf.] faglega aðstoð við framkvæmd endurskoðunar á grundvelli örútbóðsins. Þann 22. maí 2013 var gerður annar samstarfssamningur milli aðila um fyrirkomulag og tilhögun samstarfs.

Í október 2015 tilkynnti Ríkisendurskoðun að stofnunin hygðist taka til sín endurskoðun á tveimur heilbrigðisstofnunum sem voru hluti endurskoðunarverkefna samkvæmt örútbóðinu og um ástæðu var vísað til fyrirhugaðrar sameiningar stofnananna. [A] tilkynnti [A], formanni stjórnar [G ehf.] strax um ákvörðun Ríkisendurskoðunar og jafnframt að vegna hennar yrði tilfærsla á verkefnum þar sem endurskoðun vegna umræddra tveggja stofnana hafi verið unnin hjá [F ehf.]. Síðar nefndi [A] það við [B] að hann hygðist taka að öllu leyti til sín endurskoðun á [I], sem var ein stofnananna í örútbóðinu. Hafði [C] unnið með [A] að endurskoðun [I] og kom fram að [C] fengi nýtt verkefni í staðinn sem væri nálægt því að umfangi. Einnig nefndi hann framangreint við [C] í lok nóvember 2015.

Í byrjun janúar 2016 hóf [C] endurskoðunarvinnu við [I] og hélt henni áfram til 25. janúar, allt án samráðs við [A]. Þann 25. janúar 2016 tilkynnti [A] [C] á fundi að þátttöku hans í endurskoðun [I] væri ekki óskað. Á stjórnarfundum [G ehf.] þann 1. febrúar 2016 samþykktu [B], [C], [D] og [E] að vinna ekki lengur að verkefnum fyrir [F ehf.] dragi hún ekki til baka ákvörðun sína um vinnu við endurskoðun [I]. Einnig var ákveðið að þeir mundu tilkynna Ríkisendurskoðun þá niðurstöðu. [A] telur umræddan stjórnarfund ólögmatan, en ákvörðun framangreindra aðila var staðfest á fundi stjórnar félagsins þann 4. febrúar 2016. Þann sama dag fóru [B], [C] og [E] á fund hjá Ríkisendurskoðun þar sem þeir lýstu því yfir að [A] hefði rift við þá samstarfssamningnum og myndu þeir ekki vinna fyrir hann nema sú ákvörðun yrði dregin til baka.

Þann 10. febrúar 2016 komust starfsmenn [F ehf.] ekki inn í Descartes endurskoðunarkerfið, sem til hægðarauka var vistað hjá [G ehf.]. Tölvuþjónustuaðili [F ehf.] taldi sig hafa komist að því að lokað hafi verið fyrir aðgang félagsins. [C], framkvæmdastjóri [G ehf.], kvað kerfið vera bilað og var strax óskað eftir því að hann opnaði fyrir aðgang að nýju. Varð hann ekki við þeirri beiðni. Á stjórnarfundum [G ehf.] þann 29. febrúar 2016 krafðist stjórn félagsins þess að [C] veitti [F ehf.] þegar í stað aðgang að kerfinu sem hann varð ekki heldur við. Á sama tíma tók við sem stjórnarformaður [G ehf.], [D]. Á stjórnarfundum 29. mars 2016 samþykkti stjórn félagsins afdráttarlaus fyrirmæli til [C], framkvæmdastjóra, um að afhenda [F ehf.] aðgang að Descartes kerfinu daginn eftir og gekk það eftir þann 30. mars eða um 50 dögum eftir að lokað hafði verið fyrir aðganginn.

Í málatilbúnaði [C] er því haldið fram að Descartes kerfið hafi bilað og sé það ástæða þess að [F ehf.] hafi ekki komist inn í kerfið. Af hálfu endurskoðendaráðs var skorað á [C] að leggja fram skriflega staðfestingu þess efnis frá þjónustuaðila kerfisins. Slík yfirlýsing, dags. 23. maí 2020, barst ráðinu með tölvubréfi þann 29. maí 2020. Þar kemur fram að bilun hafi komið upp í vélbúnaði 10.-11. febrúar til loka mars 2016. Vegna þess langa tíma sem liðinn var treysti þjónustuaðili sér ekki til að fullyrða með óyggjandi hætti hvenær viðgerð lauk. Í bréfi [A] til endurskoðendaráðs, dags. 10. júní 2020, var framangreindum sjónarmiðum hafnað. Segir þar að engu skipti hvort bilun hafi orðið eða [C] lokað fyrir aðganginn þar sem það hafi verið á ábyrgð hans að láta laga aðganginn þegar í stað.

[F ehf.] barst bréf [L] hdl., ásamt fjórum reikningum, þann 17. febrúar 2016 og var efni bréfsins. “*Riftun [F ehf.] á samstarfssamningi við [G ehf.]*.” Afrit bréfsins var sent á Ríkiskaup, Ríkisendurskoðun, [I], [K] og [J]. Reikningarnir voru vegna vinnu við [I], [J] og [K], samtals að fjárhæð um kr. 12 milljónir. Reikningunum var hafnað af hálfu [F ehf.] vegna riftunar á samstarfssamningnum. Reikningarnir voru með eindaga skömmu eftir útgáfudag og voru þeir því næst settir í lögfræðilega innheimtu og með því hófust innheimtuaðgerðir lögmanns. Þessar innheimtuaðgerðir, gegn [A] sem hluthafa og stjórnarmanni í [G ehf.] voru aldrei bornar undir stjórn félagsins.

Innheimtumál vegna reikninganna fór fyrir héraðsdóm þar sem [F ehf.] var dæmd til að greiða [G ehf.] tæplega 10 milljónir króna. Málinu var áfrýjað og í Landsrétti var [F ehf.] dæmd til að greiða [G ehf.] kr. 2,1 milljónir, vegna vinnu við endurskoðun [I]. Niðurstaða Landsréttar var sú að [G ehf.] væri undirverktaki hjá [F ehf.]

### III Kröfugerð [A]

Í kæru gerir [A] kröfu um að lagt verði til við ráðherra að réttindi hinna kærðu, [B], [C], [D] og [E] verði felld niður. Til vara er þess krafist að hinir kærðu verði áminntir vegna brota á lögum nr. 79/2008 og siðareglum endurskoðenda, sbr. 2. mgr. 17. gr. laganna. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi kærðu, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 79/2008.

Í kæru kemur fram að um sé að ræða alvarleg brot á lögum um endurskoðendur og siðareglum endurskoðenda. Jafnframt sé um að ræða víðtæk brot á þagnarskyldu og trúnaðarskyldu endurskoðenda svo og brot á faglegri þekkingu og hlutlægni. Háttsemi kærðu gefi til kynna að brotin hafi verið framin af einbeittum vilja og til þess fallin að valda [A] sem mestu tjóni og orðsporsáhættu. Þá beri að horfa til þess hvernig hinir kærðu hafi staðið saman gegn [A] og félagi hans, [F ehf.] og reynt að setja háttsemi sína í löglegan búning til þess að villa um fyrir gagnvart Ríkisendurskoðanda og ríkisstofnunum sem [F ehf.] þjónustaði.

Í kæru er gerð grein fyrir meintum brotum kærðu í fimm kæruliðum:

#### 1. Kærðu hættu störfum fyrir [F ehf.] án fyrirvara 1. febrúar 2016

[A] kveðst hafa ákveðið að taka alfarið endurskoðun á [I] til [F ehf.] og tilkynnt það [C], meðendurskoðanda sínum og verktaka. Um haustið hafi [A] sem var einn af stjórnarmönnum [G ehf.], rætt við [B], formann stjórnar félagsins um að í staðinn fengi [C] minna endurskoðunarverkefni sem [G ehf.] hafði þá nýlega fengið frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Þann 28. janúar 2016 hafi formaður stjórnar [G ehf.] boðað til stjórnarfundar í nafni félagsins með ólögmetum hætti þannig að þær ákvarðanir sem þar voru teknar hafi aldrei getað orðið annað en samantekin ráð þeirra sem þátt tóku, þ.e. kærðu. Á fundinum hafi þeir ályktað að [F ehf.] hafi rift samningnum við [G ehf.] og að þeir myndu ekki vinna fyrir [F ehf.] fyrr en [A] hafi dregið ákvörðun sína um endurskoðun [I] til baka. Ólögmeti fundarins hafi verið staðfest á stjórnarfundi [G ehf.] þann 29. febrúar 2016. Ákvörðun kærðu hafi svo endanlega verið staðfest á löglegum stjórnarfundi þann 4. febrúar 2016.

Í kærinni kemur fram að kærðu hafi hætt fyrirvaralaust að vinna fyrir [F ehf.] á röngum forsendum en það hafi verið þeir sjálfir sem rift hafi samningnum á stjórnarfundinum 4. febrúar 2016 eins og skýrt komi fram í fundargerð og sé í raun grundvöllur Landsréttardóms í málinu vegna annarra reikninga en [I]. Að hætta störfum fyrirvaralaust þegar hæst standi í endurskoðun og skilja verkkaupa eftir með vandann sé til þess fallið að valda honum miklu og ófyrirsjáanlegu tjóni, sem kærðu hafi mátt vera ljóst.

Fram kemur að þessi þáttur kærunnar taki til allra fjögurra kærðu en fyrst og fremst [C] og [E] sem hafi verið stærstu verktakarnir og aðalgerendur, en einnig til [B] og [D] sem tekið hafi þátt í aðförinni og bakkað hana upp.

Í kæru kemur fram að [A] telji framangreinda háttsemi varða við siðareglur endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5, a,b og d. lið, ákvæði 110.1, 120.1 og 150.1. Þá er sérstaklega bent á ákvæði 100.4 þar sem fjallað er um skyldu endurskoðenda til að fara eftir þeim sérstöku ákvæðum þar sem orðið „skal“ er notað.

## 2. Fundur með ríkisendurskoðanda

Í kæru kemur fram að þann 4. febrúar 2016 hafi þrír kærðu, [C], [E] og [B], farið á fund ríkisendurskoðanda til að tilkynna að þeir væru hættir að vinna fyrir Endurskoðunarþjónustuna ehf. Á fundinum hafi þeir lýst því yfir að [A] hafi rift við þá samningi og kváðust ekki ætla að vinna fyrir [F ehf.] nema [A] dragi ákvörðun sína til baka, allt í samræmi við samþykkt og yfirlýsingar sem bókaðar hafi verið í fundargerð þann 4. febrúar 2016.

Nokkrum dögum síðar hafi [B], stjórnarformaður, upplýst [A] um það að hann hafi haft samband við Ríkisendurskoðanda og dregið til baka þátttöku sína í rógi á hendur [A]. Hvorki [G ehf.] né kærðu hafi verið í samningssambandi við Ríkisendurskoðun vegna umræddra endurskoðunarverkefna. Í ljósi þess telji [A] vítavert að kærðu hafi farið á fund Ríkisendurskoðanda með svo rangan málflutning.

Tekið er fram að þessi liður kærunnar beinist að öllum fjórum kærðu. [C], [E] og [B] hafi farið á fund ríkisendurskoðanda og [D] stutt það.

Í kæru kemur fram að [A] telji framangreinda háttsemi varða við siðareglur endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5, a,b,d og e lið, ákvæði 110.1, 120.1, 140.1, a og b lið, 140.2, 140.4, 140.6 og 150.1.

## 3. Lokun framkvæmdastjóra á aðgangi [F ehf.] á Descartes endurskoðunarkerfinu

Í kæru kemur fram að allir aðilar hafi notað Descartes endurskoðunarkerfið áður en samstarf hafi hafist og hafi aðgangur að því til hægðarauka verið færður undir [G ehf.] Framkvæmdastjóranum [C] hafi verið treyst til að halda utan um það enda hafi staðið fyrir dyrum sameining rekstrar hluthafa [G ehf.] undir einn hatt.

Þann 10. febrúar 2016 hafi uppgötvast hjá [F ehf.] að ekki væri hægt að komast inn í Descartes kerfið en viku áður hafi aðgangur verið í lagi. Tölvusérfræðingur [F ehf.] hafi fundið það út að lokað hafi verið fyrir aðgang félagsins og hafi engum öðrum verið til að dreifa í því sambandi en framkvæmdastjóranum, [C]. Um þetta hafi tölvusérfræðingurinn borið vitni fyrir rétti þann 21. febrúar 2017.

Öll gögn og upplýsingar vegna stofnana og fyrirtækja sem [F ehf.] hafi endurskoðað fyrir og vistuð voru í kerfinu, hafi verið eign [F ehf.]. Á umræddum tíma hafi [F ehf.] verið með tíu stofnanir og fyrirtæki inni í Descartes kerfinu og hafi [C] og [E] unnið við þrjár þeirra og gert reikninga fyrir. Megi nærri geta hvaða áhrif þetta skemmdarverk hafi haft á endurskoðunarvinnu [F ehf.] þegar litið sé til þess að henni þurfti í flestum tilfellum að vera lokið þann 31. mars 2016. Fram kemur að margir póstar hafi gengið milli aðila en framkvæmdastjórinn hafi haldið því fram að kerfið hafi bilað. Það hafi svo ekki verið fyrir en á stjórnarfundum þann 29. mars 2016 að [D], formaður stjórnar félagsins, hafi fengist til að fyrirskipa framkvæmdastjóra félagsins að opna aðgang og afhenda [F ehf.] öll gögn úr Descartes kerfinu, sem hafi orðið úr degi síðar, 30. mars eða 50 dögum eftir að lokað hafi verið fyrir aðganginn. Telji [A] að í háttsemi [C] hafi falist einbeittur vilji til að valda honum og [F ehf.] tjóni og koma í veg fyrir að fyrirtækið gæti staðið við samning sinn við Ríkisendurskoðanda. Félagar hans hafi haft fulla vitneskju um framangreint en látið það afskiptalaust þrátt fyrir marga tölvupósta og einn formlegan stjórnarfund þann 29. febrúar 2016 þar sem samþykkt hafi verið krafa á hendur framkvæmdastjóra að hann opnaði þegar í stað fyrir aðgang [F ehf.] að Descartes kerfinu, en formaðurinn hefði átt að ganga í málið strax í upphafi.

Fram kemur að [A] telji að framangreind háttsemi kærðu varði við siðareglur endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5, a,b, og e lið, ákvæði 110.1, 120.1 og 150.1.

#### 4. Bréf [L] hdl. dags. 17. febrúar 2016

Í kæru kemur fram að bréf [L] hdl. sé stílað á [F ehf.] og undirritað af honum f.h. [G ehf.]. Efni bréfsins sé: *“Riftun [F ehf.] á samstarfssamningi við [G ehf.]”* Afrit bréfsins hafi verið sent á Ríkiskaup og Ríkisendurskoðun en einnig á [I], [K] og [J].

Í upphafi samstarfs aðila hafi [C] kynnt [L] sem vin sinn og muni hann hafa samið samstarfssamning aðila. [A] sé hulin ráðgáta hvernig til hafi komið að hann hafi skrifað framangreint bréf og farið á sama tíma í gang með harðar innheimtuaðgerðir á nýlega útgefnum reikningum á hendur [F ehf.] nema hið augljósa að [C] hafi falið honum verkið. Hitt sé víst að sú ákvörðun að fara með reikningana í harða innheimtu á þessum tímamarki og skrifa bréfið í umboði [G ehf.] hafi ekki verið tekin á löglegum stjórnarfundum [G ehf.] eins og staðfest hafi verið á stjórnarfundum félagsins þann 29. febrúar 2016. Ljóst sé að [C] hafi farið gróflega út fyrir starfssvið sitt sem framkvæmdastjóri, sbr. 2. mgr. 44. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, bæði hvað varði innheimtuaðgerðir og ráðningu lögmanns.

Fram kemur að lögmaður [F ehf.] hafi ritað [L] bréf og krafist þess að hann afturkallaði bréfið og innheimtu reikninganna á grundvelli þess að hann hefði ekki umboð. Hann hafi svarað með bréfi dags. 9. mars 2016 þar sem segi: *„Til mín hafa leitað [G ehf.] og farið þess á leit við undirritaðan að gæta hagsmuna þeirra og sækja rétt þeirra vegna framgöngu [F ehf.] .”*

[A] hafi farið fram á að stjórn [G ehf.] gripi í taumana og afturkallaði hvort tveggja en formenn félagsins, fyrst [B] og síðar [D], hafi komið í veg fyrir það.

Í kæru kemur fram að [A] hafi, á stjórnarfundum [G ehf.] þann 29. febrúar 2016, lagt fram eftirfarandi tillögu: *„Framkvæmdastjóri [G ehf.] virðist hafa ráðið héraðsdómslögmanninn [L] til þess að skrifa bréf í nafni félagsins til [F ehf.], félags í eigu eins hluthafa [G ehf.] án þess að bera það undir stjórn né hafa heimild til. Bréfið hafi verið sent hluthöfum [G ehf.] og að auki til fimm ríkisstofnana í þeim tilgangi að sverta [F ehf.] enda á bréfið ekki erindi til neinnar þeirra. Stjórnin átelur framkvæmdastjórnann, löggiltan endurskoðanda og stjórnarmann í FLE harðlega fyrir dómgreindarleysi og alvarlegt brot á siðareglum FLE og krefst þess að hann láti héraðsdómslögmanninn afturkalla bréfið með formlegum hætti frá öllum sem fengu það. Stjórn [G ehf.] frábiður sér svona vinnubrögð. Stjórn [G ehf.] krefst þess að framkvæmdastjórinn sjái svo um að lögmaðurinn hætti öllum afskiptum af málefnum félagsins enda maðurinn umboðslaus og téðar athafnir hans því alfarið á ábyrgð framkvæmdastjórans.”*

Þá kemur fram í kæru að í fundargerðinni þar sem fjallað hafi verið um bréfi OK lögmanns sé bókað:

*„ [A] fjallaði um bréf sem OK lögmenntu sendu út í „umboði félagsins” og lagði fram skjal (fylgiskj. 5). [D], [H] og [A] álykta um þetta bréf þannig að framkvæmdastjóri hafi farið út fyrir valdsvið sitt og þetta sé á hans ábyrgð og krefjast þess að framkvæmd þessa lögmanns verði stöðvuð þar til aðalfundur hafi fjallað um málið.”*

[A] kveðst telja að sú háttsemi [C] að fá lögmann til þess að skrifa bréf til [F ehf.] og senda afrit á tilgreindar ríkisstofnanir fari í bága við siðareglur endurskoðenda og 30. gr. laga um endurskoðendur. Með því felist einbeittur vilji til að sverta mannorða og starfsheiður [A]. [G ehf.] hafi ekki verið í neinu samningssambandi við tilgreindar ríkisstofnanir og bréfið ekki átt neitt erindi við þær stofnanir og séu brot á þagnarskyldu endurskoðenda, enda hafi bréfið verið unnið á ábyrgð [C]. [E], [B] og [D] hafi haft fulla vitneskju um bréfið

og innihald þess og það verið sent með þeirra samþykki. Enginn hafi reynt að takmarka tjón [A] og [F ehf.] með því að draga bréfið til baka.

Fram kemur að [A] telji að framangreind háttsemi kærðu varði við siðareglur endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5, a,b, d og e lið, ákvæði 110.1 um heilindi, 120.1 um hlutlægni, 140.1, 1. lið a og b, ákvæði 140.2, 140.4 og 160.6, allt ákvæði um trúnað svo og ákvæði 150.1 um faglega hegðun.

## **5. Tilhæfulausir reikningar**

Í kæru vitnar [A] til þeirra reikninga sem fjallað var um í dómi Landsréttar. Segir þar að eins og fram hafi komið í dóminum hafi þeir reikningar reynst tilhæfulausir. [E] hafi gert reikning nr. 234 vegna vinnu við endurskoðun [K] sem hann hafi hlaupið frá í miðjum klíðum og ekki sinnt kröfu um að [F ehf.] fengi aðgang að vinnugögnum sem nýst gæti við vinnu hennar. Hann hafi gert annan reikning nr. 242 vegna vinnu sem hann hafi unnið við [K] árin áður og hefði þegar fengið greidda. [C] hafi gert reikning nr. 235 vegna [J] vegna vinnu sem hann hafi líka hlaupið frá í miðjum klíðum og hafi á sama hátt ekki sinnt kröfu [F ehf.] um aðgang að vinnugögnum.

Þessir reikningarnir og allur málatilbúnaður þeirra í upphafi hafi verið byggður á röngum forsendum, þ.e. á því að [F ehf.] hafi rift samningnum við [G ehf.]. Deilur aðila sem staðið hafi í tæp þrjú ár verði alfarið að skrifa á [C] og félag hans með því að hafa farið af stað á röngum forsendum og með rangar sakargiftir. Heildarkostnaður [F ehf.] vegna þessa hafi numið alls kr. 6.474.557 en á móti hafi komið dæmdur málskostnaður í tveimur málum, samtals að fjárhæð kr. 1.300.000. Ætla megi að vinnuframlag [A] við að undirbúa málin, finna til gögn og útbúa í hendur lögmanns [F ehf.], ásamt fundum og réttarhöldum geti numið þreföldum tíma lögmannsins.

Í kæru bendir [A] á að þessi þáttur kærunnar taki fyrst og fremst til [C] og [E] sem beri ábyrgð á reikningagerðinni en einnig til [B] og [D] sem stutt hafi aðgerðina með aðgerðarleysi. Hefðu þeir stöðu sinnar vegna sem stjórnarformenn [G ehf.] getað stöðvað þá ósvinnu í tíma.

Fram kemur að [A] telji að sú háttsemi að senda út tilhæfulausa reikninga á röngum forsendum og valda [F ehf.] tugmilljóna fjárhagslegu tjóni við að verja sig og ná fram rétti sínum varði við siðareglur endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5, a,b og e lið, ákvæði 110.1 um heilindi, 120.1 um hlutlægni og ákvæði 150.1 um faglega hegðun.

## **IV**

### **Afstaða kærðu til kæruefnis Afstaða [A] til andmæla kærðu**

Þann 5. febrúar 2020 sendi endurskoðendaráð kærðu, [B], [C], [D] og [E] framkomna kæru dags. 26. nóvember 2019 og fyrri kæru sem barst ráðinu þann 29. maí 2019, auk fylgigagna. Var kærðu gefinn kostur á að koma að andmælum sínum í málinu. Verður hér gerð grein fyrir þeim andmælum sem ráðinu hafa borist.

### **1. Andmæli [B]**

Andmæli [B] bárust endurskoðendaráði með bréfi, dags. 25. febrúar 2020.

Í andmælunum kemur fram að [G ehf.] hafi litið svo á að [F ehf.] hafi rift samningi aðila. [G ehf.] hafi verið reiðubúið að starfa áfram fyrir [F ehf.] með breyttum samningi. Því hafi [A] hafnað. Fáir hann ekki séð að siðareglur endurskoðanda hafi verið brotnar hvað þetta varðar.

Varðandi fund aðila með ríkisendurskoðanda þá hafi tilgangur fundarins eingöngu verið sá að upplýsa um stöðu mála og hafi [A] ekki verið rægður á nokkurn hátt. Stjórnin hafi komið fram af heilindum og hafi hlutlægni verið gætt. Fáir hann ekki annað séð en að trúnaðar hafi verið gætt og fagleg hegðun höfð í fyrirrúmi.

Í andmælum [B] kemur jafnframt fram að hann hafi ekki komið að lokun á aðgangi [F ehf.] á Descartes kerfinu né ráðningu [L] hdl. Þá hafi hann ekki gert kröfur um greiðslur utan unninna tíma.

## **Andmæli [A] og [F ehf.] til framangreindra andmæla [B], sbr. bréf, dags. 28. maí 2020**

Í bréfi [A] kemur fram að það sé rangt að stjórn [G ehf.] hafi litið svo á að [F ehf.] hafi rift samningi aðila heldur hafi það verið einstaklingarnir sem sátu fundinn þann 1. febrúar 2016. Það hafi þeir staðfest á stjórnarfundum þann 4. febrúar 2016 [F ehf.] hafi engum samningum rift. Yfirlýsing [B] um að [G ehf.] hafi verið tilbúið að vinna áfram fyrir [F ehf.] með breyttum samningi og þá gegn afarkostum sýni að umræddir einstaklingar hafi verið á villigötum því sú hugmynd hafi aldrei komið til umræðu né komið til greina. Þeir hafi hætt störfum sínum án fyrirvara á stjórnarfundum 4. febrúar og hafi [B] tekið fullan þátt í því.

Varðandi fund aðila hjá Ríkisendurskoðanda kemur fram að [B] hafi haft samband við [A] þann 15. september 2016 og upplýst hann um það að hann hafi dregið til baka þátttöku sína í þeirri aðför. Þeir hafi farið á fund endurskoðanda til að tilkynna að [F ehf.] hafi rift samningum við þá og þeir myndu ekki vinna meira fyrir félagið. Þeir hafi rangflutt málið fyrir ríkisendurskoðanda og byggt á röngum forsendum. Þar hafi [B] verið fullur þátttakandi.

Í athugasemdum [A] kemur fram að lokað hafi verið fyrir Descartes kerfið 10. febrúar 2016 og vísar hann til þess sem áður hefur komið fram í málinu hvað það varðar. [A] trúir því að [B] hafi ekki komið að lokun á aðgengi kerfisins en hann hafi fljótlega fengið fulla vitneskju um málið og látið það afskiptalaust. Sem formaður stjórnar hefði hann getað beitt sér fyrir því að þvinga framkvæmdastjóra til að opna fyrir aðganginn á þeim 18 dögum sem liðið hafi þar til hann sagði af sér sem formaður. Aðgerðarleysi [B] geri hann meðsekan hvað þennan lið varði.

Jafnframt kemur fram að [A] trúir því að [B] hafi ekki komið að bréfaskriftum [L] lögmanns né haft um þau nokkra vitneskju. Hann hafi þó fengið vitneskju um þau og ekkert gert til að fá þau dregin til baka og sýnt með því dómgreindarleysi sem stjórnarformaður [G ehf.] að láta framkvæmdastjórn og lögmanninn komast upp með umrædda meingerð. Aðgerðarleysi [B] geri hann meðsekan í þessum verknaði.

Að því er varði útgáfu hinna tilhæfuleausu reikninga hafi [B] strax verið kunnugt um málið og stutt þá gerð með athafnaleyfi sínu.

## **2. Andmæli [C]**

Andmæli [C] bárust endurskoðendaráði með bréfi, dags. 24. febrúar 2020.

Í andmælum hans er á það bent að [A] titli sig ranglega endurskoðanda sem sé lögverndað starfsheiti en óheimilt sé að titla sig endurskoðanda hafi viðkomandi ekki til þess réttindi, sbr. 6. mgr. 4. gr. laga nr. 79/2008. [A] þurfi ekki að hlíta siðareglum um endurskoðendur og geti því án nokkurra afleiðinga lagt fram gögn og útskýringar án þess að þurfa að sæta nokkurri ábyrgð vegna skrifa sinna.

[C] vitnar til réttarfarslegrar sögu málsins og leggur fram dóm héraðsdóms Reykjavíkur frá 13. apríl 2018 vegna ágreinings aðila málsins svo og greinargerð lögmanns [A] og önnur gögn sem henni fylgdu. Í andmælunum kemur fram að ljóst þyki að mest allt af þeim gögnum sem [A] leggi fram nú séu sömu gögn og lögð hafi verið fyrir héraðsdóm af hans hálfu þó þeim hafi verið breytt nokkuð með yfirstrikunum og athugasemdum [A] í kæru til endurskoðendaráðs. Fyrir héraðsdóm hafi jafnframt verið kölluð til vitni til að fara dýpra í sönnunarfærslu á málatilbúnaði og hafi héraðsdómur tekið að mestu undir málatilbúnað [G ehf.] en hafnað málatilbúnaði [F ehf.].

Þá kemur fram í andmælum [C] að vörn [A] hafi ekki aðeins verið í réttarsalnum því þann 6. nóvember 2017 hafi [A] sent Félagi löggiltra endurskoðenda bréf varðandi ætluð brot hans á siðareglum. Félagið hafi áframsent honum og [D] bréfið. Hér sé kominn grunnur að þeirri kæru sem send hafi endurskoðendaráði þann 26. nóvember 2019. Eftir samtal við framkvæmdastjóra FLE hafi verið ljóst að [A] væri tilbúinn að fella niður málatilbúnað sinn að þeim skilyrðum uppfylltum að [G ehf.] myndu draga til baka stefnu sína frá 13. september 2017 og falla frá öllum kröfum sínum. Því hafi [G ehf.] hafnað og sent bréf þess efnis þann 21. nóvember 2017. Ekkert hafi þó orðið úr kæru hans í framhaldinu.

Varðandi einstaka kæruliði koma eftirfarandi athugasemdir fram í andmælum [C]:

**a. Kærðu hættu störfum fyrir [F ehf.] án fyrirvara þann 1. febrúar 2016**

Fram kemur að það hvort [F ehf.] eða [G ehf.] hafi sagt upp samningi aðila sé inntakið í mismunandi niðurstöðum héraðsdóms og Landsréttar. Geti hann ekki séð að eftir það sem [G ehf.] sáu sem uppsögn á samningi hafi verið grundvöllur fyrir óbreyttu samstarfi félaganna tveggja. [G ehf.] hafi boðist til að starfa áfram með breyttu fyrirkomulagi en því hafi [A] hafnað f.h. [F ehf.]. Því sé ljóst að þrátt fyrir vilja [G ehf.] til að starfa áfram og klára árið hafi [A] hafnað aðkomu félagsins. Þrátt fyrir það vilji hann varpa ábyrgðinni yfir á [G ehf.]. Mál varðandi þetta atriði hafi verið rekið fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Hafi héraðsdómur komist að þeirri niðurstöðu að [G ehf.] hafi farið réttilega að málum. Af þeim sökum eigi endurskoðendaráð að vísa frá liði 1 án frekari umfjöllunar þar sem dómstólar hafi þegar fjallað um þennan lið.

**b. Fundur með Ríkisendurskoðanda**

Í andmælum [C] segir að ekki komi fram í kæru hvað hann hafi átt að hafa gert eða sagt hvað þetta atriði varðar, heldur einungis að hann hafi mætt á fund hjá Ríkisendurskoðun og einhverjir lýst því yfir á fundinum að [F ehf.] hafi rift samningi við [G ehf.]. Sjái hann ekki að neinn geti verið sekur um brot á siðareglum jafnvel þó það sé satt að tilkynnt hafi verið um slit á samningi aðila með því orðalagi.

**c. Lokun framkvæmdastjóra á Descartes endurskoðunarkerfinu til [F ehf]**

Í andmælum [C] segir að fram hafi komið í gögnum máls, í samskiptum við [A] og við vitnaleiðslur í dómsmáli aðila að gagnagrunnur hafi verið óvirkur vegna bilana. Auk þess hafi komið skýrt fram að afrit af gögnum þeirra félaga sem menn hafi unnið að hafi einnig verið vistuð á tölvum viðkomandi starfsmanna. Því hafi allir sem gagnagrunninum tengdust getað unnið áfram í sínum verkefnum. Í gögnum máls komi skýrt fram að [A] hafi eingöngu beðið um gögn vegna þeirra þriggja félaga sem deilt hafi verið um fyrir héraðsdómi og Landsrétti en ekki óskað eftir aðgangi að öðrum gögnum. Hafni hann því að lokað hafi verið fyrir Descartes hugbúnaðinn og hafi sá vitnisburður ekki verið hrakinn með vitnisburði annarra vitna. Þá kveðst [C] hafa gert allt sem í hans valdi hafi staðið til að opna fyrir kerfið, vakið athygli stjórnar á vandanum og óskað eftir fjármunum til úrbóta, sbr. tölvupóst frá 15. febrúar 2016. [A] hafi átt sæti í stjórn en hvorki hafi



borist svör frá honum né öðrum stjórnarmönnum. Þann 23. mars 2016 hafi hann sent ítrekun vegna fyrra erindis varðandi bilunina en engin viðbrögð fengið frá stjórnarmönnum.

Þá kemur fram að í tölvubréfi frá 18. febrúar 2016 sem fylgt hafi greinargerð [A] í héraðsdómi hafi komið skýrt fram að gögn þau sem verið hafi á netþjóni [G ehf.] hafi verið endurskoðunargögn vegna [I], [J] og [K] og óski hann eftir gögnum þeirra fyrirtækja. Engin önnur gögn séu nefnd í tölvupósti hans.

Hvað varði stjórnarfund þann 29. febrúar 2016 kveðst [C] ekki hafa verið boðaður á þann fund og ekki fengið aðgang að þeirri fundargerð sem [A] leggi nú fram. Hann hafi hins vegar lagt fram aðra fundargerð frá fundi, einnig dagsettum 29. febrúar 2016 kl. 13, sem fylgiskjal í héraðsdómi. Athyglisvert sé að bera saman fundargerð þá sem hann lagði fram sem gagn fyrir héraðsdómi og þá sem hann leggi fram nú. Sjáist að töluverðar breytingar hafi orðið á fundargerðinni, einkum blaðsíðu 2 sem virðist hafa breyst töluvert.

Í fylgiskjali nr. 4 sem lagt hafi verið fram í héraðsdómi komi skýrt fram að [A] hafi aðeins krafist gagna sem tilheyrt hafi vinnu [G ehf.] og hafi þau jafnframt tilheyrt þeim reikningum sem sendir hafi verið út vegna uppsagnar [F ehf.] á samningi við [G ehf.].

Þá kemur fram í andmælum [C] að varðandi ætlaðan fund þann 29. mars 2016 hafi hann sem framkvæmdastjóri aldrei séð umrædda fundargerð.

Samtímagögn sýni að aðeins hafi verið óskað eftir gögnum vegna þeirra félaga sem héraðsdómur hafi fjallað um. Ekki hafi verið sýnt fram á að hann hafi brotið siðareglur endurskoðenda, sérstaklega ef tekið sé tillit til frumgagna sem lögð hafi verið fram í héraðsdómi í stað þeirra gagna sem [A] leggi nú fram. Þar sem héraðsdómur hafi þegar fjallað um þessi atriði telji hann eðlilegt að endurskoðendaráð víki þessum lið frá.

**d. Bréf [L] hdl. dags. 17. febrúar 2016**

Í andmælum [C] kemur fram að [L] hafi verið ráðinn af [G ehf.] og [F ehf.] árið 2012 til að ná fram samningnum við Ríkiskaup eftir opnun tilboða vegna þeirra verkefna sem síðar hafi verið deilt um fyrir héraðsdómi. Hafi hann verið lögmaður [G ehf.] nánast frá stofnun félagsins. Mest allt af þeim athugasemdum sem [A] hafi við ráðningu [L] sé lagatæknilegs eðlis og hafi ekkert með siðareglur endurskoðenda að gera. Hafi þeim m.a. verið svarað í bréfi [L] þann 9. mars 2016. Engar upplýsingar sé að finna í bréfi, dags. 17. febrúar 2017, sem teljist trúnaðarupplýsingar milli endurskoðenda og viðskiptavinar og því engar líkur á að reglur um þagnarskyldu í lögum um endurskoðendur hafi verið brotnar. Af þeim sökum og vegna þess að efni bréfsins hafi verið lagt í dóm héraðsdóms sem dæmt hafi [G ehf.] í vil ætti að vísa málinu frá.

**e. Tilhæfulausir reikningar**

Hvað þennan lið varðar bendir [C] á að innheimta reikninga ásamt málshöfðum sé hluti af réttindum okkar sem íslenskra ríkisborgara og ekkert í siðareglum endurskoðenda komi í veg fyrir það. Málið hafi farið fyrir tvö dómsstig sem hvort hafi dæmt með sínum hætti. Héraðsdómur hafi verið í fullu samræmi við kröfur [G ehf.] en aðeins hluti dóms Landsréttar þeim í hag. Þess utan leiki verulegur vafi á lögmati dóms Landsréttar sem muni skýrast á næstu mánuðum. Vegna þessa sé óvíst hvort

dómsniðurstaða réttarins sé endanleg niðurstaða. Þar sem fjallað hafi verið um þennan þátt málsins í héraðsdómi og Landsrétti sé þess óskað að málinu verði vísað frá.

Þá geri [C] kröfu um málskostnað að skaðlausu úr hendi [A] sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 79/2008.

### **Andmæli [A] og [F ehf.] til framangreindra andmæla [C], sbr. bréf dags. 28. maí 2020**

Í bréfi [A] er sjónarmiðum sem fram koma undir 1. lið hér að framan mótmælt og vísast um það til fyrri umfjöllunar. Í bréfinu vísar [A] til svars [C] við fyrirspurn um það hvort einstakir endurskoðendur hyggist sinna verkefnum fyrir [F ehf.] þar sem [C] bendir á að samningurinn sé við [G ehf.] og að þeim samningi hafi verið sagt upp einhliða af [F ehf.]. Með því geti einstakir endurskoðendur ekki haldið áfram að starfa áfram á grundvelli samnings félaganna.

Að því er varði sjónarmið sem fram koma undir 2. lið vísar [A] til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið. Bendir hann á að hvorki [G ehf.] né þessir einstaklingar hafi verið í neinu samningssambandi við Ríkisendurskoðun heldur undirverktakar hjá [F ehf.].

Að því er varðar sjónarmið sem fram koma undir 3. lið áréttar [A] fyrri sjónarmið og bendir á að hafi verið um bilun að ræða í kerfinu þá hafi það verið í búnaðinum hjá [G ehf.] sem framkvæmdastjórinn hefði átt að láta laga þegar í stað. Það hafi verið á hans ábyrgð að tryggja þjónustu við rekstraraðilana varðandi umrætt kerfi. Í því sambandi er enn fremur vísað til fundargerðar stjórnar [G ehf.] frá 27. febrúar 2016. Descartes gagnagrunnurinn hafi ekki verið bilaður heldur hafi verið lokað fyrir aðgang [F ehf.] að honum. Það hafi tekið 50 daga að opna fyrir aðganginn að nýju.

Að því er varðar sjónarmið sem fram koma undir 4. lið áréttar [A] fyrri sjónarmið og bendir á að lögmaðurinn hafi skrifað undir bréfið f.h. [G ehf.]. [A] telji að það hafi [C] og lögmaðurinn gert án umboðs frá stjórn fyrirtækisins. Jafnframt áréttar hann fyrri sjónarmið varðandi þá ráðstöfun að senda afrit af umræddu bréfi til áður nefndra fimm ríkisstofnana.

Að því er varðar sjónarmið sem fram koma undir 5. lið áréttar [A] að það sé niðurstaða Landsréttar sem skipti máli en ekki niðurstaða héraðsdóms. Jafnframt bendir hann á að umrædd dómsmál hafi aðeins varðað innheimtu á reikningum.

### **3. Andmæli [D]**

Andmæli [D] bárust endurskoðendaráði með bréfi, dags. 28. apríl 2020.

Í andmælum [D] kemur m.a. fram að hann hafni kærinni í einu og öllu og telji hann öll þau atriði sem þar komi fram tilhæfulaus. Ranglega sé farið með mál og [A] beri rangar sakargiftir á hann sem refsiverðar kunni að vera í þeim tilgangi að villa um fyrir endurskoðendaráði til að freista þess að fá ráðið til að valda honum og öðrum kærðu alvarlegum skaða sem fælist m.a. í ærumissi eða atvinnumissi. Telji hann að illur hugur [A] sé undirrot kærunnar sem og ásókn í fjármuni.

[D] fer fram á það að kærinni verði vísað frá endurskoðendaráði enda sé hún tilhæfulaus með öllu og vandséð að málið heyri undir úrlausnar- og ákvörðunarvald ráðsins. Ekki verði séð að meint háttsemi varði störf hans sem endurskoðanda né heldur að tjón eða álitshnekkir hafi hlotist af störfum hans sem endurskoðandi. Þá sé málskostnaðarkröfu [A] hafnað að öllu leyti og á móti krafist málskostnaðar á sömu forsendum úr hendi [A] enda kæran tilhæfulaus með öllu.

Í andmælum [D] er farið fram á að endurskoðendaráð kanni hvort ástæða sé til að vísa málinu til opinberrar rannsóknar á grundvelli 5. mgr. 16. gr. laga nr. 79/2008 eða á grundvelli samhljóma ákvæðis 5. mgr. 37.

gr. nógildandi laga nr. 94/2019 enda það framferði [A] að leggja fram kærú á þeim grunni sem hún byggir á svo alvarlegt að það gæti varðað við lög um meðferð sakamála.

Jafnframt kemur fram að hann telji kærúna eingöngu setta fram þar sem [A] hafi ekki náð fram þeim vilja sínum að kærðu létu af hendi þóknanlega fjármuni að hans mati. Hafi hann látið verða af því að framfylgja hótunum sínum um kærú þegar sýnt var að svo yrði ekki. Málið varði fjárhagsleg réttindi og heyri ekki undir endurskoðendaráð. [A] hefði verið í lófa lagið að leggja fjárhagslegar kröfur sínar fyrir dómstóla til úrslausnar en hann kosið að beita vafasömum aðferðum með kærú til endurskoðendaráðs. Telji hann að endurskoðendaráð eigi að hafna kærúnni og vísa framferði [A] til opinberrar rannsóknar.

Þá bendir [D] á að forsaga málsins sé ekki í samræmi við það sem lesa megi út úr framlögðum gögnum [A]. [A] og kærðu eigi ennþá saman félagið [G ehf.] sem ætlað hafi verið að vinna að sameiginlegum hagsmunum eigenda. Markmið félagsins hafi verið það að á endanum myndu þeir sem að félaginu stæðu renna saman í eitt félag. [A] hafi stillt málalíbúnaði sínum þannig upp að hann hafi samið um tiltekin verkefni sem hann sjálfur hafi fengið í tengslum við útboð Ríkiskaupa. Eina aðkoma kærðu hafi falist í verktöku og að það samkomulag hefðu þeir brotið. Þannig hafi ekki legið í málum og slík afstaða sé mikil einföldum. Eina ástæða þess að [F ehf.] hafi verið handhafi umrædds samnings við Ríkiskaup og aðrir endurskoðendur skilgreindir sem undirverktakar hafi verið sú að [G ehf.] hafi á þeim tíma sem útboðið fór fram ekki verið orðnir aðilar að rammasamningi við Ríkiskaup enda ungt félag og því ekki gjaldgengt sem bjóðandi í eigin nafni. Í ljósi þegar orðins samstarfs og fyrirhugaðrar sameiningar hafi verið ákveðið sameiginlega af hluthafahópi [G ehf.] að farið yrði í umrætt útboð í nafni félags [A]. Til að tryggja að hægt yrði að standa við útboðið gagnvart Ríkiskaupum hafi verið gengið frá samstarfssamningi með þeim hætti sem lesa megi í gögnum máls, sbr. framlögð greinargerð og fundargerð frá 30. nóvember 2012. Þeir samningar sem gengið hafi verið frá til að ramma inn samkomulag aðila hafi því miður ekki verið nægjanlega vel unnir í samræmi við þann raunverulega skilning sem aðilar hafi lagt í hann í upphafi og lesa megi í framangreindri fundargerð og greinargerð [A]. Það hafi komið á óvart þegar [A] hafi farið að hlutast til um það einhliða að taka til sín ákveðin verkefni sem búið hafi verið að ganga frá sameiginlega milli aðila að ættu að vera í höndum ákveðinna endurskoðenda. Telji hann að með því hafi [A] brotið hið raunverulega samkomulag milli aðila. Hafi honum þótt það enn undarlega í ljósi þess að aðeins mánuði fyrr hafi sömu aðilar rætt um samruna og sameiginlega starfsstöð. Af þeim sökum hafi það verið skýr skoðun hans að [A] hafi með framferði sínu um að ákveða einhliða að flytja til verkefni brotið það samkomulag sem raunverulega hafi verið milli aðila. Af þeirri ástæðu hafi hann verið sammála því að [A] og félag hans hefðu einhliða sagt upp samkomulagi aðila um umrædd verkefni. Ekki hafi verið óeðlilegt að deilur sköpuðust við framangreinda einhliða ákvörðun [A].

Fram kemur í andmælum [D] að sjálfur hafi hann ekki staðið í dómsmáli við [A] þar sem hann hafi ekki talið það þjóna tilgangi sínum heldur væri betra að horfa fram á veginn. Aðrir hluthafar [G ehf.] hafi hins vegar látið reyna fyrir dómi á það samkomulag sem gert hafi verið. Þrátt fyrir að málin hafi verið rekin í nafni félagsins hafi einstök mál verið á forræði og fjárhagslegri ábyrgð hlutaðeigandi endurskoðenda. Af þeirri ástæðu hafi það verið sameiginleg ákvörðun hluthafa að hann yrði stjórnarformaður [G ehf.] þar sem hann hafi verið best til þess fallinn af hluthöfum að standa sem óháðastur í fyrirséðum deilum. Í ljós hafi komið að á sama tíma og samruni félaganna hafi verið til umræðu hafi [A] verið í öðrum hugleiðingum varðandi framtíð rekstrar síns, farið á bak við samstarfsaðila sína í félaginu og samið við aðra endurskoðendur um aðkomu að rekstri sínum til frambúðar. Verði því ekki annað séð en að raunveruleg ástæða þess að [A] hafi einhliða tekið til sín verkefni hafi verið sú að hann hafi verið að reyna að auka verðmæti rekstrar síns á kostnað samstarfsaðila sinna hjá [G ehf.] vegna samninga sem hann hafi gert á laun við aðra aðila um aðkomu að rekstri sínum.

Varðandi einstaka kæruliði koma eftirfarandi atriði fram í andmælum [D] :

**a. Kærðu hættu störfum fyrir [F ehf.] án fyrirvara 1. febrúar 2016**

Í andmælum [D] hafnar hann því alfarið að hafa hætt fyrirvaralaust störfum og þannig brotið samning aðila og valdið [A] skaða. Það séu ósannindi að hann hafi tekið þátt í aðför gagnvart [A] og bakkað hana upp. Það hafi verið einhliða ákvörðun [A] að taka til sín verkefni sem þá þegar hafi verið úthlutað til ákveðinna endurskoðenda og átt að fylgja þeim út samningstímamann. Tölvupóstur, dags. 12. apríl 2016, sýni hið rétta, a.m.k. hvað hann varði. Þar sjáist greinilega að hann og [A] séu að ræða endurskoðun þess verkefnis sem hann hafi tekið að sér í samkomulagi aðila enda ekki staðið neitt annað til af hans hálfu en að sinna þeim skyldum. [A] hafi óskað eftir fundi með honum áður en ákvörðun um áframhaldandi samstarf yrði tekin. Á þann fund hafi hinir nýju samstarfsmenn [A] mætt og [A] alfarið sjálfur tekið þá ákvörðun að hann myndi draga sig út úr því verkefni sem hann hefði sinnt á grundvelli samstarfssamnings aðila þar sem [A] hafi fundist skorta traust. Ásakanir á hendur sér um að hafa hætt fyrirvaralaust störfum séu því alfarið rangar sakargiftir af hendi [A].

Þá kemur fram í andmælum að varðandi meint ólögmæti þess stjórnarfundar sem [A] vísi til megi draga þá ályktun í efa. Málefni fundarins hafi einungis varðað hagsmuni og samning við félag [A], framferði hans og hans félags. Samkvæmt 48. gr. laga um einkahlutafélög sé kveðið á um að stjórnarmaður megi ekki taka þátt í meðferð slíks máls varði það hann. Ljóst sé að málið sem tekið hafi verið fyrir á þeim stjórnarfundum hafi varðað [A] með þeim hætti að honum hafi verið óheimilt að taka þátt í meðferð þess.

**b. Fundur með Ríkisendurskoðanda**

Í andmælum [D] kemur fram að hann hafi ekki átt neina aðkomu að fundi með Ríkisendurskoðanda. Hann hafi hvorki tekið ákvörðun um að fara á fundinn né mætt á hann. Það sé rökleysa að hann hafi bakkað fundinn upp enda hafi hann ekki haft vitneskju um fundinn.

**c. Lokun framkvæmdastjóra á Descartes endurskoðunarkerfinu til [F ehf.]**

Fram kemur í andmælum [D] að málflutningur hvað þennan lið varðar séu dylgjur einar. hafi verið stjórnarmaður í [G ehf.] líkt og hann sjálfur og viti því hvað sé rétt og satt. Hann hafi strax haft samband við framkvæmdastjóra um að afhenda þau gögn sem um var beðið og gert það af greiðasemi við [A]. [A] hafi verið í sjálfs vald sett að óska eftir umræddum gögnum og það jafnframt staðið honum nær. Það hafi [A] kosið að gera ekki og geti því sjálfum sér um kennt telji hann að óvenjuleg seinkun hafi orðið á afhendingu gagna. Fráleitt sé að reyna að koma sök á hann ef rétt reynist að óvenjulegur dráttur hafi orðið á afhendingu gagna. Hann hafi ekki annað í höndum en að bilun hafi komið upp í kerfi og gögn yrðu afhent svo fljótt sem verða mætti. Dragi hann skýringar framkvæmdastjóra ekki í efa og ekkert haldbært hafi komið fram um annað en að orð framkvæmdastjóra séu rétt. Sjálfur hafi hann ekkert með þetta mál að gera annað en að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslu stjórnarfundar. Hann beri fullt traust til framkvæmdastjóra og dragi ekki í efa að gögnin hafi verið afhent eins fljótt og verða mátti. Hann hafi gert það síðar af greiðasemi við [A] að ýta aftur á eftir afhendingu gagnanna. Sýni þessi hluti málsins sem og aðrir sem [A] lýsi vel í tölvupósti til hans frá 3. apríl 2016 það ráðríki sem [A] hafi sýnt í störfum sínum sem stjórnarmaður og hluthafi í [G ehf.]. Það hafi ekki frekar verið hlutverk stjórnarformanns en annarra stjórnarmanna að framfylgja ákvörðunum stjórnar. Málalíbúnaður [A] byggir að umtalsverðu leyti

á því að það hafi verið hlutverk hans sem stjórnarformanns að reka á eftir hinum og þessum erindum sem [A] hafi ýmist lagt fyrir stjórn eða ekki. Jafnframt sé hann ásakaður fyrir að hafa ekki sinnt erindum sem vörðuðu persónulega hagsmuni [A].

**d. Bréf [L] hdl. dags. 17. febrúar 2016**

Í andmælum [D] kemur fram að hann hafi ekkert haft með umrætt bréf að gera og ekki verið aðili að því þegar það hafi verið sent út. [A] viti að það sé rangt að hann hafi haft vitneskju um bréfið og veitt samþykki fyrir því. Jafnframt sé það rökleysa að halda því fram að hann hafi komið í veg fyrir að gripið yrði í einhverja sérstaka tauma. Fram kemur að [D] hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslu um málið á stjórnarfundi en ekki getað á þeim tíma sætt sig við það orðalag sem [A] hafi fyrst lagt fram um málið og hafi engar forsendur haft til að taka ákvörðun með þeim hætti enda hafi [A] sérstaklega óskað eftir því að framkvæmdastjóri yrði ekki boðaður á stjórnarfundinn, sem hann hafi orðið við. Það hafi verið eðlilegt enda hafi málið varðað hans störf. [D] kveðst ekki vita betur en að hann hafi staðið að samþykkt um að framkvæmdastjóri hafi farið út fyrir valdsvið sitt með því að senda umrætt bréf. Því sé málflutningur [A] gagnvart honum óskiljanlegur hvað þennan lið varði.

Þá verði að átélja [A] fyrir að hafa farið fram með þeim hætti sem hann hafi gert á umræddum stjórnarfundi þar sem hann hafi lagt fram, án undangenginnar kynningar, alvarlegar ásakanir á hendur framkvæmdastjóra, krafist samþykkis þeirra en samt óskað sérstaklega eftir því að framkvæmdastjórinn yrði ekki boðaður til fundar og gæti þar með ekki svarað sjálfur fyrir þær ásakanir. Slíkar tillögur sé ekki hægt að samþykkja og fásinna að halda því fram að í höfnun á slíkri afgreiðslu af hálfu stjórnar felist sú háttsemi sem [A] lýsi. Þá sé rétt að geta þess að hann hafi ekki lagt mat á efnisinnhald umrædds bréfs og ekkert liggi fyrir um það að útsending þess hafi valdið tjóni líkt og [A] haldi fram.

**e. Tilhæfulausir reikningar**

Hvað þennan lið varðar bendir [D] á að það sé í höndum framkvæmdastjóra að sjá um útgáfu reikninga og innheimtu þeirra. Hann hafi ekki haft forsendur á sínum tíma til að meta það hvort reikningarnir hafi verið tilhæfulausir eða ekki. Það sé úr lausu lofti gripið að halda því fram að hann sem stjórnarformaður hafi átt að bregðast sérstaklega við. Það sé bæði rangt og yfiringangur fólginnt í þeirri afstöðu [A] að ætlast til þess að hann hlutaðist til um að stöðva innheimtuna á forsendum [A] enda hafi staðið deilur um þessa reikninga sem hann hafi ekki blandað sér í og hafi síðar orðið úrlausnarefni dómstóla. Hafni hann þessum þætti alfarið og sé vandséð að hann varði með nokkrum hætti lög eða siðareglur endurskoðenda.

Í andmælum [D] er jafnframt fjallað um 6. og 7. lið upphaflegrar kæru. Þar sem [A] hefur dregið til baka þá þætti kærunnar sem þar voru til umfjöllunar verður ekki fjallað um þau andmæli hér.

**Andmæli [A] og [F ehf.] til framangreindra andmæla [D], sbr. bréf dags. 28. maí 2020**

Í bréfi [A] eru rakin samskipti aðila sem og þau sjónarmið sem fram hafa komið í fyrri samskiptum. Að því er varðar umfjöllun um 1.lið vísar [A] til umfjöllunar um þau atriði sem fram fóru á stjórnarfundum [G ehf.] og eru nánar rakin í gögnum málsins. Í bréfinu áréttar [A] ábyrgð [D] á þeim ráðstöfunum sem eru grundvöllur þess ágreinings sem fyrir hendi er í máli þessu. Jafnframt kveður hann [D] hafa bakkað upp þær ákvarðanir sem teknar hafi verið af [G ehf.] og vörðuðu [A].

Að því er varðar þau sjónarmið sem fram koma í 2. lið varðandi fund þann sem [G ehf.] hafi átt með Ríkisendurskoðanda áréttar [A] að þrátt fyrir að [D] hafi ekki sjálfur farið á þann fund hafi hann bakkað þá aðgerð upp sem stjórnarmaður félagsins. Hefði honum verið í lófa lagið að hafa samband við Ríkisendurskoðanda og upplýsa um að hann stæði ekki að þeirri aðgerð líkt og [B] hafi gert þann 15. febrúar 2016.

Að því er varðar sjónarmið sem fram koma í 3. lið hafnar[A] því að [D] hafi haft samband við framkvæmdastjóra [G ehf.] af greiðasemi við hann. Áréttar [A] að [D] hafi verið kunnugt um þau samskipti sem átt hafi sér stað milli [A] og framkvæmdastjóra auk þess sem sérstök samþykkt hafi verið gerð á stjórnarfundi þann 29. febrúar 2016. Samkvæmt henni hafi þess verið krafist að framkvæmdastjóri veitti [F ehf.] þegar í stað aðgang að Descartes kerfinu, en á þeim tíma hafi [D] þegar tekið við sem stjórnarformaður félagsins.

Að því er varðar 4. lið áréttar [A] að sú skýring [D] að hann hafi ekki vitað af bréfinu sé ótrúverðug og jafnframt að hann hafi sem stjórnarformaður ekki beitt sér fyrir því að bréf lögmannsins væri afturkallað. Jafnframt áréttar hann ábyrgð [D] á því að afrit af umræddu bréfi hafi verið sent á áður nefndar fimm ríkisstofnanir. Telji hann blasa við að [D] hafi bakkað framkvæmdastjórnann upp í þessum aðgerðum.

Að því er varðar 5. lið áréttar [A] ábyrgð [D] sem stjórnarformanns fyrir ákvörðunum og gjörðum félagsins. Hljóti hann að hafa staðið að innheimtuaðgerðum eða verið um þær kunnugt.

#### 4. Andmæli [E]

Andmæli [E] bárust endurskoðendaráði með bréfi, dags. 2. maí 2020.

Í andmælum gerir [E] kröfu um að endurskoðendaráð vísi kærinni frá í heild. Ekki verði séð að neinar þær ávirðingar sem fram komi í kæru hafi nokkuð með störf hans sem löggilts endurskoðanda að gera. Þá sé ekki að sjá að neitt komi fram í kæru um það hvernig hann hafi valdið tjóni sem starfi sínu sem endurskoðandi. Ekki sé reynt að sýna fram á að hann hafi með starfi sínu sem löggiltur endurskoðandi reynt að valda [A] tjóni sem sé það alvarlegt að það geti talist vera brot á siðareglum endurskoðenda né brot á lögum um endurskoðendur og endurskoðun. Hann hafi með engum hætti unnið fyrir [A] og eigi því erfitt með að sjá hvernig [A] geti verið aðili að kærumáli til endurskoðendaráðs án þess að þurfa að sanna með óyggjandi hætti að hann hafi starfað eða þjónustað hann.

Varðandi hlutverk endurskoðendaráðs vísar [E] til 1. mgr. 15. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur sem í gildi voru á umræddum tíma en ákvæðið sé efnislega það sama og 35. gr. núgildandi laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Með vísan til framangreinds ákvæðis um hlutverk endurskoðendaráðs falli það mál, sem hér sé til umfjöllunar, ekki undir hlutverk ráðsins sem eftirlitsaðila. Á grundvelli þess sem og að hann hafi aldrei starfað eða þjónustað [A] sé gerð sú krafa að endurskoðendaráð vísi málinu frá í heild.

Þá lúti málatilbúnaður [A] fyrst og fremst að meintu fjárhagstjóni sem hann telji sig eða fyrirtæki sitt hafa orðið fyrir og vegna málareksturs þar sem deilt hafi verið um gildi samstarfssamnings og eftirstöðva á greiðslum sem stöfuðu af vinnu aðila á grundvelli þess samstarfssamnings. Það sé ekki hlutverk endurskoðendaráðs að fjalla um slíkt heldur dómstóla.

Þá hafi sú herferð sem [A] sé í það eitt að markmiði að sverta mannorð og starfsheiður hans og annarra sem löggiltir endurskoðendur.

Verði ekki fallist á frávísun málsins af hálfu endurskoðendaráði vilji [E] koma að eftirfarandi andmælum.

**a. Kærðu hættu störfum fyrir [F ehf.] án fyrirvara 1. febrúar 2016**

Upphaf málsins megi rekja til ársins 2012 þegar [F ehf.] hafi boðið í verk hjá Ríkiskaupum og hafi [G ehf.] verið með í því útboði. Vísi hann til greinargerðar [A] sem hann hafi lagt fram á hluthafafundi [G ehf.] þann 30. nóvember 2012. Í kjölfar útboðsins þar sem [F ehf.] hafi verið úthlutað samkvæmt rammaútboði tiltekin endurskoðendaverkefni hafi verið gerður samstarfssamningur milli [F ehf.] og [G ehf.]. Á grundvelli þess samnings hafi það komið í hans hlut að að sinna endurskoðun fyrir [K]. Samkvæmt samþykki samningsaðila hafi hann unnið það verkefni með starfsmönnum sínum en [A] komið lítið sem ekkert að málum umfram það að árita ársreikning með honum. Hann hafi unnið vinnu sína sem endurskoðandi [K] af heilindum og ekkert hafi verið lagt fram sem sýni hið gagnstæða.

Aðdragandi að stjórnarfundum hjá [G ehf.] um mánaðamót janúar/febrúar 2016 hafi verið sá að hann hafi verið kallaður inn sem varamaður til setu á þeim stjórnarfundum. Hafi verið tilkynnt fyrirfram að [A] hefði tilkynnt [C] á tímabilinu nóvember 2015 til janúar 2016 að hann hygðist taka til sín endurskoðun á [I].

Á stjórnarfundinum hafi verið fjallað um það að ekki væri sameiginlegur skilningur aðila á því að [F ehf.] gæti hvenær sem er tekið verkefni af öðrum samstarfsaðilum. Engin önnur mál hafi verið rædd og ekki minnst á vinnu hans við endurskoðun [K].

Í andmælum lýsir [E] því að vinna hans við endurskoðun á ársreikningi [K] 2015 hafi hafist þann 10. september 2015 með fundi ríkisendurskoðanda. Þegar hann hafi verið kallaður á stjórnarfund [G ehf.] þann 1. febrúar 2016 sem varamaður þar sem fjallað hafi verið um samskipti [C] og [A] hafi hann lýst því yfir að þetta væri ekki í samræmi við það sem lagt hafi verið af stað með í upphafi samstarfs. Hann hafi þar tekið afstöðu til máls í stöðu sinni sem stjórnarmaður og telji sig hafa verið í fullum rétti til þess að tjá sig um mál á stjórnarfundum. Telja verði óviðunandi að stjórnarmaður megi ekki lýsa skoðun sinni á málefnum á stjórnarfundum öðruvísi en að það sé notað gegn honum. Hafi hann ekki á nokkurn hátt verið að taka afstöðu til þess verkefnis sem hann hafi unnið að, þ.e. endurskoðun [K].

Samkvæmt skilningi [A] hafi það jafnframt verið skilningur aðila að hver endurskoðandi myndi fá verkefni til fimm ára hið minnsta. Eðli máls samkvæmt sé mun meiri vinna fyrsta árið við endurskoðun en árin á eftir. Það hafi aldrei verið skilningur aðila að [A] gæti hvenær sem er tekið verkefni til baka og staðfesti samstarfssamningur aðila þann skilning.

Samstarfið hafi verið þannig að greitt hafi verið samkvæmt tilboði [F ehf.] í verkið að frádreginni þóknun til þess félags. Í hans tilvikum hafi kostnaður orðið langt umfram tilboð fyrsta árið og hann átt möguleika á að ná honum til baka á þessu fimm ára tímabili. Hafi það verið í samræmi við það sem [A] skrifar í greinargerð sinni.

Í kjölfar þess að niðurstaða stjórnarfundar 1. febrúar 2016 hafi legið fyrir og ljóst hafi verið að [A] tæki til sín endurskoðun [I] hafi hann talið að miklar líkur væru einnig á því að [A] tæki til sín endurskoðun [K]. Engu að síður hafi hann ákveðið að ljúka endurskoðun ársreiknings stofnunarinnar fyrir árið 2015 þar sem undirbúningur hafi verið í gangi og öll vinnan þá þegar skipulögð. Einnig hafi hann viljað að hugsanlegur ágreiningur og greiðslur myndu engin áhrif hafa á þá þjónustu sem verið var að láta af hendi.

Fram kemur að í kjölfar þessarar vinnu hafi verið áætlað að funda með [K]. Hafi hann tilkynnt komu sína ásamt öðrum til [K] þann 9. febrúar 2016. Jafnframt hafi hann átt bókaðan símafund

með forstjóra stofnunarinnar þann 8. febrúar þar sem til stóð að hann yrði ekki á staðnum þegar þeir kæmu norður. Forstjóri [K] hafi aflýst þeim símafunni þann sama dag.

Þá vísar [E] í andmælum sínum til tölvupósts [A] frá 8. febrúar 2016 þar sem fjallað sé um stjórnarfund [G ehf.] þann 4. febrúar 2016 og þá ákvörðun [G ehf.] að vinna ekki áfram fyrir [F ehf.] falli [A] ekki frá þeirri ætlan sinni að taka endurskoðunarverkefni [I] til félagsins. Með því hafi þeir að mati [A] rofið það trúnaðartraust sem sé grundvöllur samstarfs af þessu tagi. Hafi [A] jafnframt krafist aðgangs að öllum vinnugögnum sem varði endurskoðun á [K] frá því þeir hafi tekið við verkefninu svo og yfirlits yfir unna tíma vegna endurskoðunarinnar vegna ársins 2015.

Fram kemur að [E] hafi síðar frétt að [A] hafi haft samband við forstjóra [K] og boðað komu sína 8. febrúar 2016. Á þeim fundi hafi [A] tilkynnt að hann væri hættur sem endurskoðandi [K]. Engin samskipti hafi átt sér stað milli hans og [A] eftir stjórnarfundinn og hafi honum fyrst orðið ljóst með framangreindum tölvupósti að hann væri sennilega ekki lengur endurskoðandi [K]. Aldrei hafi neinn annar skilningur verið lagður í verkefnið en að því yrði sinnt af kostgæfni og í samræmi við þær reglur sem við hafi átt.

Þá bendi [E] á það í andmælum sínum að [M], löggiltur endurskoðandi, hafi komið til starfa hjá [G ehf.] með það að stefnu að verða meðeigandi. Þann 7. febrúar 2016 hafi hann flutt fyrirtæki sitt, [N ehf.], í [O], sem sé lögheimili [F ehf.] og sé hann í dag eigandi og stjórnarformaður þess fyrirtækis.

Í andmælum [E] er því hafnað að hann hafi hætt án fyrirvara störfum sínum fyrir [F ehf.] þann 1. febrúar 2016. Það sem að ofan greini staðfesti það. Einnig verði að telja að [A] sé í mótsögn við sjálfan sig þegar komi að umfjöllun um tilhæfuleg reikninga þegar hann fjalli um það að hann hafi starfað fyrir [F ehf.].

#### **b. Fundur með Ríkisendurskoðanda**

Í andmælum [E] er ekki fjallað um þennan lið kærunnar.

#### **c. Lokun framkvæmdastjóra á Descartes endurskoðunarkerfinu**

Í andmælum [E] kemur fram að með tölvupósti þann 11. febrúar 2016 hafi hann boðaða [A] til þess að koma og taka við öllum gögnum vegna endurskoðunar á ársreikningi [K] 2015. Síst af öllu hafi hann viljað að viðskiptavinir yrðu varir við ágreining milli eigenda [G ehf.] sem myndi í mesta lagi snúast um greiðslu fyrir unna vinnu. [A] hafi ekki mætt og ekki gefið skýringar á því. Hafi hann því ekki afhent gögnin. Þeir sem unnið hafi að endurskoðuninni hafi verið skráðir innherjar og því enginn annar getað tekið við þeim gögnum. Séu það dylgjur af hálfu [A] að hann hafi á einhvern hátt staðið í vegi fyrir því að endurskoðun þeirra verkefna sem [A] hafi kallað einhliða til baka næði fram að ganga heldur hafi hann lýst því strax yfir, sbr. tölvupóst 11. febrúar 2016, að öll gögn sem tilheyru endurskoðun á þeim verkefnum hann hefði undir höndum væru tiltæk til afhendingar þá þegar.

Þá kemur fram að honum hafi ekki verið sýnt fram á það með sannanlegum hætti að kerfinu hafi viljandi verið haldið lokuðu. Geti hann ekki tjáð sig um það en vilji einungis benda á að honum hafi verið gert kunnugt um bilun í kerfinu sem hafi leitt til þess að aðgangur hafi verið óaðgengilegur.



d. **Bréf [L] hdl. dags. 17. febrúar 2016**

Í andmælum [E] kemur fram að hvað þennan lið varði vilji hann árétta að þær dylgjur sem [A] setji fram í kæru um að með orðfæri sínu í ritun fundargerðar hafi hann bakkað upp tilteknar athafnir framkvæmdastjóra gefi ekki tilefni til svara. Einnig geti hann ekki séð með hvaða hætti umræddar dylgjur[A] hafi nokkuð með eftirlit endurskoðendaráðs að gera.

e. **Tilhæfulausir reikningar**

Þá kemur fram í andmælum [E] að vegna þeirrar málsástæðu [A] að hann hafi gefið út tilhæfulausa reikninga sé í fyrsta lagi á það benti að [A] hafi sjálfur óskað eftir upplýsingum um tíma sem farið hafi í undirbúning fyrir endurskoðun á ársreikningi [K] vegna ársins 2015. Fyrir héraðsdómi hafi verið fallist á það að ekki væri um tilhæfulausa reikninga að ræða heldur sagt að ekki væri ágreiningur um reikning vegna vinnu við endurskoðun ársreiknings 2015. Þeirri málsástæðu [A] að hann hafi með ásetningi sent tilhæfulausa reikninga sé því alfarið hafnað. Enda þótt ekki hafi verið fallist á greiðsluskyldu [A] fyrir Landsrétti jafngildi það ekki því að um tilhæfulausa reikninga hafi verið að ræða.

Í framhaldi af því að [A] hafi tilkynnt að hann hafi ávallt litið svo á að störf [G ehf.] fyrir [F ehf.] væru í verktöku hafi hann séð sig knúinn til að senda reikninga vegna þeirrar vinnu sem hann og samstarfsaðilar hans hefðu unnið.

Þá geti hann ekki séð að sá ágreiningur sem rekja megi til útgáfu reikninga heyri undir endurskoðendaráð. Eigi hann jafnframt erfitt með að skilja það hvernig hann sem löggiltur endurskoðandi geti hafa brotið gegn siðareglum löggiltra endurskoðenda með því að senda reikning fyrir vinnu sem hann hafi unnið.

Enn fremur bendir hann á það að í kæru þar sem geri grein fyrir því tjóni sem hann hafi orðið fyrir vegna útgáfu meintra tilhæfulausra reikninga sé einungis fjallað um þann kostnað sem hann telji að [F ehf.] hafi orðið fyrir sem rekja megi til málareksturs félagsins fyrir dómstólum. Telji [A] tjón sitt hafa verið kr. 6.474.557 en á móti hafi dæmdur málskostnaður verið kr. 1.300.000. Hann eigi erfitt með því að átta sig á hvernig þetta tvennt tengist og hvað það hafi að gera með störf hans sem löggiltur endurskoðandi.

Í andmælum [E] er jafnframt fjallað um 7. lið upphaflegrar kæru. Þar sem [A] hefur dregið til baka þann þátt kærunnar sem þar var til umfjöllunar verður ekki fjallað um þau andmæli hér.

**Andmæli [A] og [F ehf.] til framangreindra andmæla [E], sbr. bréf, dags. 28. maí 2020**

Af hálfu [A] eru samskipti við [E] rakin í andmælum og sjónarmiðum [E] mótmælt. Í því sambandi vísar [A] til umfjöllunar í dómi Landsréttar þar sem tekið hafi verið á álitaefnum sem m.a. hafi snúið að samningssambandi [F ehf.] og [G ehf.]. Jafnframt bendir hann á að í dómi Landsréttar hafi m.a. verið fjallað um þá riftun sem þar fór fram og lögmæti hennar.

Varðandi umfjöllun um 2. lið bendir [A] á að [E] geri fundi með Ríkisendurskoðanda engin skil í andmælum sínum. Vilji [A] með því álykta að hann hljóti að vera honum sammála hvað þann lið varðar.

Varðandi umfjöllun um 3. lið bendir [A] á að [E] hafi verið um það kunnugt í 50 daga að [F ehf.] hefði ekki aðgang að endurskoðendagögnum í Descartes kerfinu. Um það beri tölvupóstur og stjórnarfundur frá 29. febrúar glöggt vitni. Þá hafi hann borið ábyrgð á því að [F ehf.] hefði fullan aðgang að gögnum sem vörðuðu verkefni sem hann hafi sinnt á grundvelli samstarfssamnings aðila,

þ.e. vegna endurskoðunar [K]. Jafnframt áréttar [A] að [E] hafi verið fullkunnugt um samskipti hans við framkvæmdastjórnann varðandi þau mál.

Varðandi þau sjónarmið sem fram koma í 4. lið áréttar [A] ábyrgð [E] á bréfi lögmannsins f.h. [G ehf.] þar sem afrit hafi verið sent til áðurnefndra fimm ríkisstofnana. Telji [A] að [E] hafi bakkað framkvæmdastjórnann upp í þeim aðgerðum.

Varðandi þau sjónarmið sem fram koma í 5. lið áréttar [A] þau sjónarmið sem rakin hafi verið í málinu og vísar nánar um þau atriði til dóms Landsréttar.

Þann 5. júní 2020 barst endurskoðendaráði bréf lögmanns [A], dags. 2. júní 2020, þar sem rakin voru sjónarmið [A] til andmæla [B], [C], [D] og [E] í málinu Var í því sambandi vísað til sjónarmiða sem fram hafa komið í umfjöllun máls þessa og varða afstöðu [A] til málsatvika.

Með tölvupósti þann 22. júní 2020 var öllum kærðu sent afrit af framangreindu bréfi [A] dags. 2. júní 2020. Þann 22. júní 2020 barst endurskoðendaráði tölvubréf kærða, [B], þar sem hann áréttaði að þó það hafi ekki komið fram í fyrri athugasemdum hans geri hann kröfu um að málinu verði vísað frá.

## V

### Niðurstaða endurskoðendaráðs

Endurskoðendaráði barst þann 28. maí 2019 kæra [A] persónulega og f.h. einkahlutafélagsins Samhengis ehf., á hendur [B], [C], [D] og [E], sem allir eru löggiltir endurskoðendur. Kæran var í sjö kæruliðum.

Með tölvubréfi endurskoðendaráðs til lögmanns [A] þann 25. september 2019 óskaði endurskoðendaráð eftir því að lagfæringar yrðu gerðar á kærinni svo ráðið gæti tekið hana til efnislegrar meðferðar þar sem erfitt væri að taka afstöðu til hennar í því formi sem hún var þá.

Með bréfi lögmanns [A], dags. 26. nóvember 2019, var vitnað til fyrri kæru auk fylgigagna. Tekið var fram að kærubréfið, sem var meðfylgjandi og einnig dagsett 26. nóvember 2019, hafi verið endurskoðað. Jafnframt var tekið fram að með hliðsjón af athugasemdum endurskoðendaráðs í framangreindu bréfi ráðsins dragi [A] til baka tvo kæruliði skv. upphaflegri kæru, þ.e. liði nr. 6 og 7.

Í samræmi við framanritað koma til úrlausnar í máli þessu kærutriði sem varða í fyrsta lagi lok samstarfs [F ehf.] og [G ehf.], í öðru lagi fundur sem þrír hinna kærðu áttu með Ríkisendurskoðanda þann 4. febrúar 2016, í þriðja lagi lokun á aðgengi [F ehf.] á endurskoðunargögnum sem vistuð voru í Descartes kerfi, í fjórða lagi bréf [L] lögmanns, dags. 17. febrúar 2016, til [A] en afrit þess bréfs voru send fimm ríkisstofnunum og í fimmta lagi útgáfa reikninga [G ehf.] á hendur [F ehf.].

Atvik þau, sem mál þetta varðar, áttu sér stað fyrir gildistöku laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Á þeim tíma voru í gildi lög nr. 79/2008, um endurskoðendur. Í 55. gr. laga nr. 94/2019 er mælt fyrir um að lögin taki gildi þann 1. janúar 2020 og að frá sama tíma falli úr gildi lög nr. 79/2008. Í gildistökuákvæðinu er ekki fjallað sérstaklega um lagaskil og ekkert er sagt þar berum orðum um hvernig fara eigi eftir gildistöku laganna með tilvik, þar sem brotið kynni að hafa verið fyrir það tímamark gegn ákvæðum laga nr. 79/2008. Við úrlausn um hvort ákvæða laga hafi verið gætt í tíð eldri laga verður samkvæmt almennum lögskýringareglum tekið mið af ákvæðum eldri laga en núgildandi lög lögð til grundvallar varðandi málsmeðferð.

Þegar atvik máls áttu sér stað áttu allir aðilar málsins aðild að Félagi löggiltra endurskoðenda og voru bundnir af siðareglum félagsins sem samþykktar voru þann 5. nóvember 2010 og staðfestar af ráðherra þann 24. febrúar 2011. Við úrlausn málsins kemur til skoðunar hvort háttsemi sú, sem vísað er til undir einstökum kæruliðum, fari í bága við ákvæði laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, sem í gildi voru á framangreindum tíma, einkum ákvæði 8. gr. og 1. mgr. 30. gr. þeirra laga. Einnig kemur til skoðunar hvort sú háttsemi sem fjallað er um í málinu fari jafnframt í bága við siðareglur Félags löggiltra endurskoðenda.

Í ársbyrjun 2016 reis ágreiningur milli [F ehf.] og [A] annars vegar og [G ehf.] og [B], [C], [D] og [E] hins vegar. Ágreiningurinn varðaði túlkun á framangreindum samstarfssamningi milli [F ehf.] og [G ehf.], dags. 26. nóvember 2012 en sömu aðilar gerðu jafnframt samstarfssamning dags. 22. maí 2013.

Í framangreindum samstarfssamningi, dags. 26. nóvember 2012, er vitnað til verkefna þar sem [F ehf.] var lögstjóðandi í örútboði Ríkiskaupa á grundvelli rammasamnings um endurskoðun og reikningshald. Í umræddum rammasamningi er vísað til endurskoðunarverkefna í þágu nánar tilgreindra opinberra stofnana. Í fyrstu grein samningsins kemur fram að [G ehf.] lofi að veita [F ehf.] þá tæknilegu aðstoð sem þurfi til endurskoðunar á grundvelli örútboðs Ríkisendurskoðunar, m.a. að útvega hæft starfsfólk eins og þurfi á hverjum tíma. Í dómi Landsréttar í máli [F ehf.] gegn [G ehf.] sem kveðinn var upp þann 2. nóvember 2018, var það niðurstaða dómstóla að skýra bæri framangreindan samstarfssamning svo að [G ehf.] væru undirverktakar samkvæmt samningnum gagnvart [F ehf.] sem væri aðalverktaki. Af ágreiningi aðila í upphafi árs 2016 leiddi að samstarfi þeirra lauk og var samningi rift en aðila greindi á um hvor samningsaðila bæri ábyrgð þar á. Ágreiningur aðila fór að hluta til fyrir dómstóla þar sem fjallað var um réttmæti útgefinna reikninga. Í dómniðurstöðu var jafnframt að finna umfjöllun um hvernig túlka bæri umræddan samning.

Ágreiningur um gildi samninga eða lögmæti riftunar samninga á ekki undir valdsvið endurskoðendaráðs, a.m.k. ekki eins og mál þetta liggur fyrir. Verður að telja að slíkan ágreining beri að leggja fyrir almenna dómstóla til úrlausnar. Vegna þessa telur endurskoðendaráð að ágreiningur aðila sem snýr að lokum samstarfs þeirra falli ekki undir valdsvið ráðsins enda hefur ekki verið sýnt fram á með nægjanlega skýrum hætti og gegn andmælum kærðu að háttsemi að baki lokum samstarfs aðila kunni að hafa farið gegn einstökum ákvæðum siðareglna endurskoðenda. Samkvæmt því verður ekki fallist á þá kröfu [A] að háttarlag kærðu við lok samstarfs aðila hafi brotið gegn 8. gr. eða 1. mgr. 31. gr. laga nr. 79/2008 eða ákvæðum siðareglna endurskoðenda, sbr. ákvæði greinar 100.5 a, b og d liðir, ákvæði greinar 110.1, ákvæði greinar 120.1 eða ákvæði greinar 150.1. Í ljósi framangreinds er þessum kærulið vísað frá endurskoðendaráði.

Í kjölfar loka samstarfs [A] og kærðu í máli þessu fóru þrír hinna kærðu, [C], [E] og [B] á fund ríkisendurskoðanda þann 4. febrúar 2016. Fyrir liggur að [G ehf.] var ekki aðili þess samnings við Ríkisendurskoðun sem samstarfssamningur félagsins við [F ehf.] byggði á. Þá verður ekki séð að aðkomu [G ehf.] hafi sérstaklega verið getið í samningum eða samskiptum við einstakar stofnanir sem til endurskoðunar voru. Engu að síður liggur fyrir að [G ehf.] hafði haft aðkomu og átt samskipti við stjórnendur þeirra stofnana sem féllu undir fyrrgreindan rammasamning, einkum í tengslum við undirbúning að framkvæmd verkefna við endurskoðun á gildistíma samningsins.

Í samstarfssamningi [F ehf.] og [G ehf.] fólst að [G ehf.] tók að sér sem undirverktaki tiltekna verkþætti við endurskoðun þeirra verkefna sem að framan greinir. Forræði samnings [F ehf.] við Ríkiskaup var því hjá [F ehf.] og áttu [G ehf.] enga aðkomu að þeim samningi. Í forræði slíks samnings felst að það er ákvörðunarvald [F ehf.] hvort og hverja það félag hyggst fela framkvæmd einstakra verkefna eða verkþátta og verður ekki séð að ákvörðunarvald félagsins hafi verið sérstökum takmörkunum háð að því leytinu til. Gagnvart viðsemjanda hafði [F ehf.] forræði og ákvörðunarvald að því er varðaði nánari framkvæmd

samningsins enda þótt félagið kynni í tengslum við útboð að hafa vísað til samstarfssamnings við annað endurskoðunarfyriertæki í því skyni að tryggja að skilyrðum útboðs varðandi verkþjóðanda væri fullnægt. Samkvæmt því hafði [F ehf.] ákvörðunarvald um val á samstarfsaðila, sem m.a. gat falið í sér að nýr samstarfsaðili tæki við af þeim sem lokið hefði samstarfi.

Af framangreindri umfjöllun verður því að ætla að tilgangur og markmið fundar [B], [C] og [E] hafi verið sá að upplýsa Ríkisendurskoðun um stöðu mála og þá eftir atvikum að [F ehf.] væri þess ekki umkomin að uppfylla þær skyldur sem á henni hvíldu samkvæmt framangreindum samningi. Sú aðkoma er aðfinnsluverð í ljósi þess að [G ehf.] voru ekki í samningssambandi við Ríkiskaup og var félagið raunar ekki annað en undirverktaki hjá [F ehf.]. Lok samstarfs [F ehf.] og [G ehf.] varðaði síðarnefnda félagið engu að því er varðar samninginn við Ríkiskaup og því vandséð hvaða erindi þeir, [C] og [E] hafi átt við Ríkisendurskoðun af þessu tilefni. Í ljósi samningssambands aðila verður að ætla að [F ehf.] hafi haft þau úrræði, í ljósi loka samstarfs við [G ehf.], að fá nýja aðila til samstarfs án þess að rof eða truflun yrði á þeirri þjónustu sem henni bar að veita samkvæmt samningi.

Samkvæmt framangreindu er á það fallist að háttarlag kærðu, [B], [C] og [E], varði við 8. gr. laga nr. 79/2008, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019 og ákvæði síðareglna endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5 a og e liði, ákvæði 110.1, ákvæði 120.1 og ákvæði 150.1.

Við lok samstarfs [F ehf.] og [G ehf.] tók fyrrnefnda félagið yfir endurskoðunarverkefni sem síðarnefnda félagið hafði sinnt og hafið undirbúning á vegna endurskoðunar fyrir árið 2015. Í kæru er atvikum þannig lýst að þann 10. febrúar 2016 hafi [F ehf.] uppgötvað að starfsmenn félagsins kæmust ekki inn í Descartes kerfið. Í gögnum máls liggja fyrir upplýsingar um samskipti [A] annars vegar og kærðu hins vegar varðandi þetta atriði. Þar kemur fram að [A] hafi ritað tölvubréf til stjórnar [G ehf.] þann 17. febrúar 2016, tölvubréf til [C] þann 18. febrúar 2016 og jafnframt lagt mál fyrir fund stjórnar félagsins þann 29. febrúar 2016.

Af fyrirliggjandi tölvubréfum má ráða að aðgangur [F ehf.] að endurskoðunargögnum sem vistuð voru í Descartes kerfinu hafi verið hindraður. Þannig telur [A] að aðgangi hafi verið lokað en í andmælum [C] er á því byggt að bilun hafi komið upp í vélbúnaði.

Eins og fram kemur í gögnum málsins nýttu [F ehf.] og [G ehf.] sameiginlega Descartes kerfið og var það vistað hjá [G ehf.]. [C] var framkvæmdastjóri félagsins á þeim tíma sem atvik máls áttu sér stað. Af gögnum máls og í samræmi við venju þar um má ganga út frá því að rekstur tölvukerfis hafi verið í umsjón og á ábyrgð framkvæmdastjóra félagsins enda hluti daglegs reksturs. Á stjórnarfundi þann 29. febrúar 2016 var, eins og áður greinir, samþykkt að fela framkvæmdastjóra að veita [F ehf.] aðgang að umbeðnum gögnum í Descartes kerfinu. Svo fór hins vegar að sá aðgangur var ekki veittur fyrr en í lok mars 2016. Takmörkun á aðgengi að Descartes kerfinu og sá langi tími sem tók að opna þann aðgang aftur hefur ekki verið útskýrður af framkvæmdastjóra félagsins, [C], með fullnægjandi hætti. Hvort sem aðgangi hafi verið lokað eða bilun hafi komið upp í vélbúnaði er sá tími, sem tók að opna fyrir aðgang kerfisins að nýju, á bilinu 40-50 dagar. Sá tími er úr hófi fram og með öllu óviðunandi og teljast framkomnar skýringar [C] ekki trúverðugar að þessu leytnu til. Í ljósi þess að umsjón tölvubúnaðar telst hluti daglegs rekstrar fyrirtækis og því á ábyrgð framkvæmdastjóra sem og þess að aðrir endurskoðendur sem kærðir eru höfðu á stjórnarfundi þann 29. febrúar 2016 mælt fyrir um að opnað skyldi fyrir aðgang [F ehf.] þykir ekki ástæða til annars en að leggja ábyrgð að því er þennan lið varðar á [C] einvörðungu.

Samkvæmt framangreindu er á það fallist að háttarlag kærða, [C], varði við 8. gr. laga nr. 79/2008, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019 og ákvæði síðareglna endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5 a og e liði, ákvæði 110.1 og ákvæði 150.1.

Við lok samstarfs [F ehf.] og [G ehf.] ritaði [L] lögmaður f.h. síðarnefnda félagsins bréf til [F ehf.], dags. 17. febrúar 2016. Er efni bréfsins lýst sem „Riftun [F ehf.] á samstarfssamningi við [G ehf.]” Afrit bréfsins var sent á Ríkiskaup, Ríkisendurskoðun og auk þess á stofnanirnar [I], [K] og [J].

Af fyrirliggjandi gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að framkvæmdastjóri [G ehf.] hafi ráðið umræddan lögmann til að sinna verkefni því sem um ræðir. Í því sambandi má m.a. líta til umfjöllunar um mál á fundi stjórnar [G ehf.] þann 29. febrúar 2016 sem og þess að eðli þess verkefnis sem lögmanni var falið fellur undir daglegan rekstur félagsins. Verður samkvæmt því að ætla að framkvæmdastjóri [G ehf.] sé ábyrgur fyrir framgöngu lögmannsins að því er félagið sjálft og viðskiptavinum þess varðar. Framganga lögmannsins sjálfs heyrir ekki undir valdsvið endurskoðendaráðs.

Hér að framan hefur endurskoðendaráð gert grein fyrir afstöðu ráðsins til samstarfssamnings [F ehf.] og [G ehf.]. Jafnframt hefur endurskoðendaráð skýrt þar afstöðu sína til samningssambands félaganna tveggja, þ.e. að [G ehf.] hafi ekki verið í samningssambandi við aðra en [F ehf.], þ.m.t. Ríkiskaup, Ríkisendurskoðun sem og þær stofnanir aðrar sem féllu undir fyrrgreindan rammasamning um endurskoðun.

Af framangreindri umfjöllun verður því að ætla að tilgangur og markmið með bréfi lögmannsins sem fólst í sendingu afrita á framangreindar stofnanir, hafi verið sá að upplýsa hlutaðeigandi um stöðu mála og eftir atvikum að [F ehf.] væri þess ekki umkomin að uppfylla þær skyldur sem á henni hvíldu samkvæmt framangreindum samningi. Sú aðkoma er aðfinnsluverð í ljósi þess að [G ehf.] var ekki í samningssambandi við Ríkiskaup og aðra hlutaðeigandi aðila og var eins og fram hefur komið einungis undirverktaki hjá [F ehf.]. Lok samstarfs [F ehf.] og [G ehf.] varðaði síðarnefnda félagið engu að því er varðar samninginn við Ríkiskaup og því vandséð hvaða tilgangi sending afrits af bréfi lögmanns til hlutaðeigandi aðila átti að þjóna.

Samkvæmt framangreindu er á það fallist að háttarlag kærða, [C], varði við 8. gr. laga nr. 79/2008, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019 og ákvæði síðareglna endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5 a og e liði, ákvæði 110.1 og ákvæði 150.1.

Af hálfu endurskoðendaráðs er á það bent að endurskoðunarfyrtækjum og öðrum lögaðilum er heimilt að gefa út reikninga fyrir vöru og/eða veittri þjónustu. Séu slíkir reikningar ekki greiddir með skilum er útgefendum heimilt að leita atbeina dómstóla við innheimtu þeirra. Í máli því sem hér er til umfjöllunar liggur fyrir að endanleg niðurstaða dómstóla um lögmati og réttmæti útgefna reikninga [G ehf.] var fengin með dómi Landsréttar þann 2. nóvember 2018. Vegna þessa mun endurskoðendaráð ekki fjalla frekar um þá reikninga og er þessum lið kæru því vísað frá ráðinu.

Af framangreindu er ljóst að kærðu, [B], [C] og [E] brutu gegn ákvæðum 8. gr. laga nr. 79/2008, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019 og ákvæðum síðareglna endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5 a og e liði, ákvæði 110.1, ákvæði 120.1 og ákvæði 150.1 með framgöngu sinni gagnvart Ríkisendurskoðun. Þá er ljóst að kærði [C] braut gegn ákvæðum 8. gr. laga nr. 79/2008, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019 og ákvæðum síðareglna endurskoðenda, einkum ákvæði 100.5 a og e liði, ákvæði 110.1 og ákvæði 150.1 með því að opna ekki fyrir aðgang [A] að Descartes kerfinu strax og slíkt var mögulegt. Loks liggur fyrir að kærði [C] braut gegn sömu ákvæðum með því að standa fyrir því að láta senda afrit riftunar bréfs til [F ehf.], til Ríkiskaupa, Ríkisendurskoðunar, [I], [K] og [J].

Þegar atvik máls þessa áttu sér stað voru í gildi lög nr. 79/2008, um endurskoðendur. Í 2. mgr. 17. gr. laganna var að finna skýra heimild endurskoðendaráðs til að beita viðurlögum, m.a. í formi áminningar, í þeim tilvikum sem brotið var gegn ákvæðum laganna, þ.m.t. 2. mgr. 8. gr. þeirra þar sem kveðið var á um skyldu endurskoðanda til að hlíta síðareglum Félags löggiltra endurskoðenda. Í núgildandi lögum nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, er að finna hliðstætt viðurlagaákvæði í 48. gr. laganna.

Samkvæmt þeim lögum var þó sú grundvallarbreyting gerð að endurskoðendum er ekki lengur skylt að eiga aðild að Félagi löggiltra endurskoðenda. Í 1. mgr. 14. gr. laganna er kveðið á um skyldu endurskoðenda til að hlíta siðareglum án þess þó að tilgreint sé við hvaða siðareglur sé þar átt. Í ljósi framangreinds telur endurskoðendaráð að lagastoð skorti varðandi heimildir ráðsins til að beita viðurlögum skv. X. kafla laga nr. 94/2019 vegna atvika, sem rekja má til brota á siðareglum. Er það því niðurstaða ráðsins að beita ekki slíkum viðurlögum í tengslum við úrlausnir mála sem ráðinu berst og varða brot á siðareglum að óbreyttum lögum.

Eins og fram hefur komið telur endurskoðendaráð háttsemi kærðu [B], [C] og [E] einnig varða við 1. mgr. 8. gr. laga nr. 79/2008 en þar var kveðið á um að endurskoðendur skyldu rækja störf sín af kostgæfni og samviseksemi í hvívetna og fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem giltu um störf þeirra. Þegar löggjöf hefur breyst frá því að atvik urðu fram til þess að stjórnvaldsákvörðun er tekin hefur verið talið rétt að ákvörðunin miðist við nýrri lög bæði um mat á lögmæti háttsemi og ákvörðun um beitingu viðurlaga. Ekki hefur verið talið að viðurlög geti verið þyngri en þau hefðu verið samkvæmt eldri lögum.

Endurskoðendaráð telur að sambærilegar skyldur og kveðið var á um í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 79/2008 hvíli á endurskoðendum samkvæmt núgildandi lögum þar sem kveðið á um það í 1. mgr. 14. gr. að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og siðareglur endurskoðenda og skuli af kostgæfni og samviseksemi í hvívetna fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf hans. Í lögnum segir að góð endurskoðunarvenja feli meðal annars í sér að endurskoðandi skuli sýna heiðarleika og trúnað við framkvæmd verkefna.

Í 2. mgr. 17. gr. laga nr. 79/2008 var kveðið á um að ef endurskoðendaráð teldi að endurskoðandi hafði í störfum sínum brotið gegn lögnum svo að ekki yrði við unað skyldi ráðið veita honum áminningu eða leggja til við ráðherra að réttindi hans yrðu felld niður. Samkvæmt 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019 er endurskoðendaráði skylt að áminna endurskoðendur sem brjóta gegn ákvæðum laganna ef brot teljast ekki stórfelld. Með vísan til framangreinds hefur endurskoðendaráð lagt mat á það hvort að brot [C], [B] og [E] séu þess eðlis að ekki verði við unað í skilningi 2. mgr. 17. gr. eldri laga. Er það niðurstaða ráðsins að brot [C] séu mun alvarlegri en brot [E] og [B] og að þau séu það alvarleg að ekki verði hjá því komist að veita honum áminningu. Það er því niðurstaða endurskoðendaráðs að áminna kærða [C]. Beinir endurskoðendaráð þeim tilmælum til [B] og [E] að þeir gæti betur að þeim atriðum sem endurskoðendaráð hefur haft uppi aðfinnslur vegna, við störf sín í framtíðinni.

Af hálfu kærðu hafa við meðferð máls þessa komið fram kröfur um að einstökum kæruliðum í kæru verði vísað frá endurskoðendaráði. Í úrlausn ráðsins hefur verið tekin afstaða til krafna um frávísun og hefur endurskoðendaráð fallist á að vísa frá kæruliðum nr. 1 og 5 í kæru.

Af hálfu málsaðila hafa jafnframt komið fram kröfur um greiðslu málskostnaðar fyrir endurskoðendaráði. Samkvæmt 4. mgr. 37. gr. laga nr. 94/2019, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 79/2008, er endurskoðendaráði heimilt ef sérstaklega stendur á að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna rekstrar máls fyrir ráðinu. Það er afstaða endurskoðendaráðs með hliðsjón af málavöxtum og atvikum máls að öðru leyti að ekki sé tilefni til að fallast á framkomnar kröfur um greiðslu málskostnaðar. Samkvæmt því er kröfum um greiðslu málskostnaðar hafnað.

